

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um merkingu næringargildis matvæla, nr. 586/1993.

1. gr.

3. tl. 9. gr. orðast svo:

3. Orkugildi sem gefið er upp skal reiknað út með eftirfarandi breytistuðlum:
- | | | | | | |
|--------------------------|-----|--------|----|----|------|
| Kolvetni (nema pólýólar) | 4 | kkal/g | og | 17 | kJ/g |
| Pólýólar | 2,4 | kkal/g | og | 10 | kJ/g |
| Prótein | 4 | kkal/g | og | 17 | kJ/g |
| Fita | 9 | kkal/g | og | 37 | kJ/g |
| Alkóhól (etanól) | 7 | kkal/g | og | 29 | kJ/g |
| Lífræn sýra | 3 | kkal/g | og | 13 | kJ/g |
| Salatrim | 6 | kkal/g | og | 25 | kJ/g |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2003/120 sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlega EES-nefndarinnar nr. 53/2005 hinn 29. apríl 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 25. maí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 4.500.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal vera kr. 4.500 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna, sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem er ákveðið af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

6. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.